

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, og hófst kl. 17. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir varaformaður, Ásgrímur Angantýsson, Anna Sigríður Þráinsdóttir og Luciano Dutra. Steinunn Stefánsdóttir boðaði forföll. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2020

Farið var yfir drög að ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2020.

2. Viðurkenningar

Umræður um það hverjir skuli hljóta viðurkenningu Íslenskrar málnefndar árið 2020.

3. Málræktarþing 2020

Rætt var um fyrirhugað málræktarþing 26. september og undirbúning þess. Sú breyting hefur verið gerð að málræktarþingið verður haldið í Safnahúsinu við Hverfisgötu en ekki í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins eins og áður hafði verið ákveðið. Málræktarþingið hefst með ávarpi forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessonar, því næst verður kynnt ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2020 og að því loknu verða haldin fjögur erindi. Dagskrá lýkur með afhendingu viðukenningar Íslenskrar málnefndar.

4. Önnur mál

a) Fundur fullskipaðrar málnefndar

Fundur fullskipaðrar málnefndar verður haldinn fimmtudaginn 5. nóvember kl. 15. Á fundinum verður rætt um endurskoðun íslenskrar málstefnu.

b) Carbfix

Íslenskri málnefnd barst skeyti þar sem bent var á að Orkuveita Reykjavíkur, sem er félag í opinberri eigu, haldi úti dótturfélagi með heitinu Carbfix. Í því sambandi var bent á skyldur stjórnvalda samkvæmt lögum um stöðu íslenskrar tungu.

Íslensk málnefnd beinir því til Orkuveitunnar að íhuga hvort ekki sé rétt að gefa þessu dótturfyrirtæki íslenskt nafn.

c) Netverksfundur norrænna málnefnda

28. ágúst var haldinn rafrænn fundur í netverki norrænna málnefnda. Meðal þess sem fram kom á fundinum er að þing norrænu málnefndanna verður haldið í Osló 2021. Árið 2024 kemur næst að Íslandi að hafa formennsku í netverki norrænna málnefnda.

d) Fundur með Málnefnd íslenska táknmálsins

Formaður og ritari Íslenskrar málnefndar sátu fund með Málnefnd íslenska táknmálsins 14. ágúst. Á fundinum var einkum rætt um gerð málstefnu íslenska táknmálsins. Ekki hefur verið sett fram málstefna fyrir íslenskt táknmál fyrr og er hér um mikilvægt framfaraskref að ræða.

e) *Samstarfssamningur*

Til stendur að endurnýja samstarfssaming milli Íslenskrar málnefnar og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og stefnir málnefnd að því að hann verði óbreyttur frá fyrri gerð. Sjá: <https://islenskan.is/images/Samstarfssamningur-IM-og-SAM.pdf>

f) *Notkun íslensku í fjölmiðlum*

Sjá fg. 3/2020 5f. Íslensk málnefnd sendi 20. maí bréf til útvarpsstjóra og málfarsráðunautar Ríkisútvarpsins þar sem borist hafði kvörtun um notkun íslensku í fjölmiðlum.

Svarbréf barst frá Ríkisútvarpinu þar sem m.a. kom fram að stofnunin tæki hlutverk sitt varðandi varðveislu íslenskrar tungu mjög alvarlega.

g) *Orðin aðgengi og aðgangur*

Íslenskri málnefnd barst fyrirspurn um orðin *aðgengi* og *aðgangur* og hvort fyrrnefnda orðið væri óþarft í íslensku.

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 18.

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.